

Alþingi  
Erindi nr. P 136/418  
komudagur 11. 12. 2008

**Umsögn kjararáðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006,  
um kjararáð, þskj. 283 — 210. mál.**

Kjararáði hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Fullskipað kjararáð fjallaði um frumvarpið á fundi í dag 11. desember 2008.

Kjararáð tekur ekki afstöðu til efnisatriða frumvarpsins, en bendir á eftirfarandi:

- Kjararáð ákveður aðeins hluta af launum þingmanna, þ.e. þingfararkaup. Til viðbótar er nefndarformönnum, varaforsetum Alþingis og flokksformönnum, í lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup og þingfararkostnað, ákveðið mismikið álag á þingfararkaup auk þingfararkostnaðar. Þessi kjör ákveður Alþingi sjálf. Kjararáð mun því ekki geta uppfyllt þann tilgang laganna að þeir þingmenn sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega meira en aðrir þingmenn.
- Í síðara efnisákvæði frumvarpsins segir að kjararáð skuli „svo fljótt sem auðið er endurskoða kjör annarra er undir það heyra, til samræmis, að teknu tilliti til stjórnskipulegrar sérstöðu dómara.“ Í því sambandi vill kjararáð benda á að til þess að geta tekið ákvarðanir um laun í samræmi við lög um ráðið þarf það að hafa eins góðar og áreiðanlegar upplýsingar og kostur er. Því þarf ráðið að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um laun, ekki síst um laun sem greidd eru hjá ríkinu á grundvelli kjarasamninga og að sjálfsögðu fyrst og fremst um þau heildarlaun sem greidd eru þeim sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs. Rétt er að geta þess að ráðinu er skylt að birta ákvarðanir sínar og úrskurði opinberlega með skipulögðum og aðgengilegum hætti. Ráðið uppfyllir þessa lagaskyldu með birtingu á heimasíðu sinni. Á sama hátt væri æskilegt að launagreiðendum væri skylt að veita kjararáði upplýsingar um greiðslur sem þeir inna af hendi til þeirra sem undir ráðið heyra, ef kjararáð leitar eftir þeim. Það mætti gera með einfaldri breytingu á 1. mgr. 6. greinar laga um kjararáð sem þá mundi hljóða þannig:

„Kjararáð aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er því rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af starfsmönnum og launagreiðendum. Skulu þeir m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem *störfunum* fylgja.“ (Breytingar skálettraðar).

Ábending um síðastgreint atriði er sett fram hvað sem frumvarpi þessu líður.

Virðingarfyllst,  
f.h. kjararáðs,

---

Guðrún Zoëga,  
formaður